

Ed.

13. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenskum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33/1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til sildveiða í landhelgi hér við land sumarið 1940, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri sildarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusildarafla skipsins

2. gr

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að vegna styrjaldarástands þess, sem að undanfögnu hafi verið ríkjandi í Noregi, hafi nokkur norsk fiskiskip leitað hingað til lands og búast megi við fleiri slíkum skipum í framtíðinni.

Til þess að bæta úr vandræðum skipshafna þessara skipa telur ráðherrann að nauðsyn beri til að veita honum heimild til að leyfa íslenskum ríkisborgurum að leigja þessi skip til sildveiða á þessu sumri, og hafa norska skipshöfn á skipunum.

Með því að ráðuneytið fellst á að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 4 4. maí 1925, um viðauka við lög nr. 33 19. júní 1922, um fiskveiðar í landhelgi orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt íslenskum ríkisborgurum eða félögum, sem fullnægja skilyrðum 11. gr. framangreindra laga nr. 33/1922, leyfi til þess að leigja erlend skip til sildveiða í landhelgi hér við land sumarið 1940, og til að hafa erlenda skipshöfn á skipum þessum, ef með þarf.

Framangreint leyfi skal bundið við hvert einstakt skip fyrir sig og skal það því aðeins veitt, að leyfisbeiðni fylgi yfirlýsing frá innlendri sildarverksmiðju um, að hún muni taka til vinnslu bræðslusildarafla skipsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júlí 1940.

Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ólafur Thors.